

Kennsluáætlun



Textílmennt

Veturinn 2018 - 2019

1. bekkur

Kennari: Kristbjörg Hermannsdóttir

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Undir verkgreinar heyrja hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Í þeim fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunaraflí sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Verklegr kunnátta hvílir á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfstöðugi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

Verkgreinar sem kennslugreinar eiga sér langa sögu. Markmið þeirra hefur bæði verið að búa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska þeirra. Umhverfi okkar byggist að miklu leyti á tækni sem er einn af skapandi þáttum menningar og mótar ásýnd hennar, inntak, merkingu og tilgang. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu. Verkfærni og skilningur, sem byggist á rótgrónum hefðum handverks, er einnig undirstaða að öflugri verkmenningu og nýsköpun. Að skilja og vera læs á umhverfið er forsenda þess að hafa áhrif á það.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og er einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Lykilhæfni

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Hæfniviðmið **við lok 4. bekkjar** samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla greinasvið 2013.

Handverk, aðferðir og tækni.

- notaðar einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna,
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Sköpun, hönnun og útfærsla.

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu,
- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt,
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,
- leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.

Menning og umhverfi.

- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt,
- sagt frá nokkrum tegundum textílefna,
- fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna,
- Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.

Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Námsefni:

- Uppskriftir og vinnulýsingar frá kennara
- Fagblöð, bækur og internetið

Markmið í 1. bekk þar sem horft er til hæfnimarkmiða yngsta stigs samkvæmt aðalnámsskrá:

Að nemendur

- noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- þjálfist í að vefa
- þjálfist í að klippa
- þjálfist í að þræða grófa nál
- þjálfist í að hnýta hnút
- læri þræðispor
- vinni lítið verkefni í tauprykki
- noti ný og endurunnin efni í textílvinnu
- skreyti textílvinnu á einfaldan hátt
- vinni úr nokkrum gerðum textílefna
- þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum
- hlusti og fylgi leiðbeiningum kennara
- vinni af áhuga og samviskusemi
- þjálfir frjóa og skapandi hugsun
- sýni umburðarlyndi og hjálpsemi
- vandi frágang á verkefnum
- gangi frá eftir sig
- gangi vel um tól og tæki í kennslustofunni

Leiðir:

Nemendur vinni verkefni með leiðsögn kennara þar sem leitast er við að efla sköpunarhæfileika og sjálfstraust þeirra. Hæfniviðmið eru höfð til hliðsjónar við verkefnaval.

Námsmat:

Stuðst er við frammistöðumat þar sem m.a. virkni og vinnubrögð í tímum eru metin. Auk þess er horft til allra hæfnimarkmiða og einstakir matsþættir valdir og metnir sérstaklega.

Verkefni skólaárið 2018 – 2019

Verkefni	Lýsing	Hæfniviðmið
Hálsmen	Nemendur þjálfa fínhyfingar með því að þræða perlur á teygju. Rætt um liti, endurtekningar og mynstur.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu
Dúkur	Þræðispor lagt inn sem grunnur að útsaum. Nemendur velja sjálfir liti og ræða litasamsetningar, frumliti, litablöndun sem og heita og kalda liti. Verkefnið þjálfar meðferð nálar og nemendur æfa sig í að þræða, binda hnút og fela enda. Verkefnið krefst nákvæmra vinnubragða, athygli og talningar. Ef þræðispor gengur vel er krosssaumur lagður inn við miðju dúksins.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu
Þjóðsögur	Búkolla, strákurinn eða aðrar sögupersónur. Dúkkur unnar í filt. Stuðst við sömu sögu og lögð verður fyrir í BL. Há 1.bekk. Sagan lesin með myndýningu. Nemendur geta valið um að fá skapalón til að vinna eftir eða búa til sín eigin. Nemendur hafa frjálssar hendur varðandi útfærslu á verkefninu.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu
Formaormur	Furðuvera úr filti þar sem unnið er með grunnform. Nemendur æfa sig að strika eftir formi, klippa og þræða. Höfuð úr dúsk og 2 perlur á milli forma.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu
Vefur á platta	Vegghengi sem er ofið með mislitu garni á platta þar sem nemendur velja sjálfir garn bæði áferð og lit sem gefur hverju verki persónulegan blæ. Verkefnið er samþætt með tæknimennt.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu

Bókstafurinn	Samþætt verkefni tæknimenntar og textílmennar. Bókstafur verður notaður sem form, sagað út og þússað í tæknimennt og skreyttur með garni í textílmenn sem vafið er um formið.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu
Tauprykk	Handafar þrykk á filt og saumað með þræðispori í kring	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu
Fólk og föt	Fjallað um mismunandi fatnað eftir veðri og árstíðum. Förum í gegnum myndir sem sýna mismunandi klæðnað. Nem. teikna manneskju, klippa hana út og klippa síðan föt úr efnisafgöngum, líma á og setja hár úr garni.	Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tillit til veðurfars, athafna og tilefna Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu
Við sjálf	Nem. teikna hring og klippa út úr kartoni. Nemendur teikni sjálfsmýnd þar sem þau er glöð öðru megin og reið hinu megin á. Gata með gatatöng og setja hár úr garni í götin. Fagurfræðileg sjónarmið rædd s.s. lögun, glaðlegt, hlýlegt o.s.frv.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu

Aukaverkefni

- Perlur þræddar pípuhreinsi, límt á stein, sjá verklýsingar.
- Puttaþrjón
- Puttahekl
- Hjarta úr rauðu filtefni – saumað saman – fyllt með tróði – tala eða perla sett á og borði til að hengja upp (jólaverkefni)
- Ungi úr gulu filtefni – klippt og saumað saman – (páskaverkefni)
- Vinabönd, snúin, fléttuð, puttaheklud
- Þrjónakerlu bönd

Birt með fyrirvara um breytingar
Kristbjörg Hermannsdóttir